

Reglur um félagslega liðveislu

Sbr. 24. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992

1. gr. Markmið

Markmið með liðveislu er að efla viðkomandi einstakling til sjálfshjálpar, veita persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

2. gr. Réttur til liðveislu

Rétt til liðveislu á sá er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjónskerðingu og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum eða slysum sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

3. gr. Umsókn um liðveislu

Umsókn um liðveislu skal skila á þar til gerðu eyðublaði til Félagsþjónustunnar. Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu Félagsþjónustunnar, www.felagsmal.is. Með umsókn skal fylgja vottorð sérfræðinga sem staðfestir þörf umsækjanda fyrir þjónustuna. Í vottorðinu skal einnig koma fram eðli fötlunar. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

4. gr. Framkvæmd þjónustunnar

Félagsráðgjafi metur þörf á liðveislu á grundvelli umsóknar. Þarfaflokkarnir eru tveir samkvæmt reglum þessum:

- a) Mikil stuðningsþörf – liðveisla allt að 20 tímar á mánuði
- b) Minni stuðningsþörf – liðveisla allt að 14 tímar á mánuði

Undir mikla þörf falla þeir einstaklingar sem hafa mikla þörf á líkamlegum eða andlegum stuðningi.

Undir litla þörf falla þeir einstaklingar sem hafa minni þörf á líkamlegum eða andlegum stuðningi

Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki félagsmálanefndar er heimilt að veita liðveislu umfram það sem reglur þessar kveða á um.

Afgreiðsla félagsráðgjafa á umsókn er lögð fyrir meðferðarfund til samþykktar.

5. gr. Tímabil samþykktar

Fyrsta samþykkt skal að jafnaði vera til þriggja mánaða. Endurnýjaðar samþykktir skulu vera ótímabundnar. Félagsráðgjafi skal kanna áhuga um áframhaldandi liðveislu hjá liðþega og liðveitanda einu sinni á ári.

6. gr. Liðveitendur

Liðveitendur eru ráðnir af Félagsþjónustunni en taka laun frá því sveitarfélagi sem þjónustuþegi á lögheimili sitt. Launakjör liðveitenda eru samkvæmt kjarasamningi FOSS. Liðveitendum er óheimilt að taka við greiðslum frá þeim er njóta liðveislunnar eða forráðamönnum þeirra.

Liðveitendur eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir verða vísir um í starfi sínu um einkamál manna og heimilishald. Þagnarskylda helst þó liðveitandi láti af störfum.

Liðveitandi skal skila inn upplýsingum um starf sitt, ásamt tíma- og akstursskýrslum fyrir 20. hvers mánaðar. Tímaskýrslur skulu staðfestar af þjónustuþega, forráðamönnum eða talsmanni nema annað sé ákveðið.

Útlögðum kostnaði skal að jafnaði halda í lágmarki. Kvittunum vegna útlagðs kostnaðar skal skila með tímaskýrslum mánaðarlega. Hámarksgreiðsla Félagsþjónustunnar til liðveitanda á mánuði vegna útlagðs kostnaðar er 6000 kr.

Liðveitendur frá greitt fyrir akstur í þágu starfsins. Akstur er greiddur samkvæmt kílómetragjaldi ákvörðuðu af ferðakostnaðarnefnd ríkisins hverju sinni. Að jafnaði skal akstur ekki vera meiri en sem nemur 100 km á mánuði. Sé fyrirséð að akstur fari yfir það viðmið skal fyrst leita samþykkis starfsmanns Félagsþjónustunnar.

7. gr. Kostnaður vegna liðveislu

Ekki er innheimt gjald fyrir liðveislu. Þjónustuþegi greiðir þó sjálfur fyrir eigin útlagðan kostnað.

8. gr. Umsókn hafnað

Sé umsókn um liðveislu hafnað skal umsækjandi fá skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunarinnar eru rökstuddar.

Umsækjandi um liðveislu getur áfrýjað ákvörðun um synjun umsóknar til félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því umsækjanda var formlega tilkynnt um synjun.

9. gr. Samþykkt

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi fyrri reglur um liðveislu þeirra sveitarfélaga sem standa að Félagsþjónustunni.

Samþykkt í félagsmálanefnd

Samþykkt af:

Ásahrepp

Mýrdalshrepp

Rangárþing Eystra

Rangárþing Ytra

Skaftárhrepp